

Af framangreindum ástæðum verður að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda eins og sjódomurinn hefir gert, og með því að málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkist, ber að staðfesta hann.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir áfrýjandi eftir þessum úrslitum eiga að greiða stefnda, og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Magnús Gíslason fyrir hönd I. Lauritzen greiði stefnda Sigurði Jónssyni 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist á 8 vikna fresti frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 4. febrúar 1918.

Nr. 84/1917.

Jónas Jónasson
gegn

Fiskiveiðahlutafél. »Ægir«.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Jónas Jónasson stýrimaður hér í bænnum gegn stjórnendum fiskiveiðahlutafélagsins »Ægir«, þeim Magnúsi Blöndahl framkvæmdarstjóra, Páli Magnússyni járnsmið og Indriða Gottsveinssyni skipstjóra fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og krafðist

Þess að þeir yrðu dæmdir til þess fyrir hönd fiskiveiðahlutafélagsins, að gefa út, að viðlögðum hæfilegum dagsektum, sér til handa hlutabréf í nefndu félagi, er hljóði á 5000 kr. með öllum þeim réttindum, sem slíkum hlutabréfum fylgja samkvæmt lögum félagsins, gegn því að hann greiði samtímis eftirstöðvar af andvirði hlutabréfsins 4000 kr., að greiða sér (stefnanda) 15% ársarðs af 1000 kr. fyrir árið 1915, alls 150 kr. auk 5% ársvaxta af þeirri upphæð frá sáttakærudegi 9. des. 1916 til greiðsludags, og að viðurkendur verði réttur sinn til arðs af 5000 kr. hlut í nefndu félagi frá ársbyrjun 1916 eins og sá arður verður ákveðinn samkvæmt lögum félagsins. Loks krafðist hann málskostnaðar að skaðlausu.

Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu 12. júlí f. á., að hinir stefndu stjórnendur »Ægis« voru fyrir félagsins hönd sýknaðir af kröfum sækjanda og var málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Jónas Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 11. okt. f. á. og gerir hann hér fyrir réttinum allar hinar sömu kröfur og fyrir bæjarþinginu. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Hinir stefndu stjórnendur fiskiveiðahlutafélagsins »Ægis« þeir Magnús Blöndahl, Páll Magnússon og Indriði Gottsveinsson hafa fyrir félagsins hönd krafist þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Í júlímánuði 1914 var stofnað fiskihlutafélagið »Ægir« og lofadi áfrýjandi að leggja í félagið einn hlut 5000 kr. og 18. júní s. á. greiddi hann 1000 kr.

upp í hlutabréfssupphæðina. Halda stefndu því fram, að stjórn félagsins hafi um sumarið og haustið 1914 þrúfaldlega skorað á áfrýjanda að greiða eftirstöðvar af hlut sínum en árangurslaust. Áfrýjandi neitar því að hann hafi verið krafinn um greiðslu eftirstöðvaranna, en viðurkennir þó, að veturinn 1914—1915 hafi högum sínum verið svo háttað, að hann hafi varla búist við að geta greitt eftirstöðvarnar af hlut sínum, og hafi hann því í marzmánuði 1915 framselt einum af félagsmönnum þær 1000 kr., er hann hafði greitt upp í hlut sinn, og hafi kaupandinn ætlað með fé þessu að greiða eftirstöðvar af hlut sínum að nokkru eða öllu, en sökum þess, að stjórn félagsins hafi neitað að taka þetta fé sem gilda greiðslu hafi kaupandinn í desembermánuði 1915 krafist þess að kaupin gengu til baka, og hafi svo verið gert. Málsadila greinir á um það, af hvaða ástæðum stjórn fiskiveiðahlutafélagsins vildi eigi taka umrætt framsal gilt. Áfrýjandi telur það hafa verið af því, að ekki hafi verið fylgt reglum félagsins um sölu hlutabréfa, en stefndu neita því að framsalið hafi ekki verið tekið gilt af þessari ástæðu, heldur hafi það verið af því, að stjórnin hafi áskilið sér haldsrétt yfir upphæðinni til greiðslu bóta fyrir tjón það, er félagið hefði beðið fyrir vanefndir áfrýjanda, en þessi ágreiningur virðist ekki hér skifta máli.

Áfrýjandi heldur því fram, að þá er kaupin um umgetnar 1000 kr. gengu til baka í desembermánuði 1915 hafi hagur sinn verið farinn að batna svo að honum hafi nú verið unt að leggja fram eftirstöðvar hlutabréfssupphæðarinnar; hafi hann því snúið sér

fyrst munnlega til félagsstjórnarinnar og síðan skriflega til félagsins, og boðið fram greiðslu á eftirstöðvunum af hlut sínum 4000 kr. gegn afhendingu 5000 kr. hlutabréfs í félaginu, en eftir ítrekaðar áskoranir hafi hann fyrst 30. nóv. 1916 fengið afsvar. Þessa neitun telur áfrýjandi ólöglega, með því að hann aldreif hafði verið krafinn um eftirstöðvar hins lofaða hlutafjár, þar til er hann bauð fram greiðsluna í desember 1915, að sumir af hluthöfum félagsins hafi eigi greitt að fullu sína hluti fyr en um líkt leyti eða seinna en áfrýjandi, en upprunalega hafi ekkert verið ákveðið um hvenær hlutaféð eða eftirstöðvar þess skyldu greiddar. Stefndu skýra hins vegar svo frá, að þegar nógu mikið var fengið af hlutafjárloforðum og áður en félagið var endanlega stofnað, hafi verið samið um smíði á botnvörpuskipi á Þýzkalandi fyrir *félagið*. Hafi þá þegar eftir stofnun félagsins í júnímánuði þurft að senda fyrstu greiðslu til skipasmíðastöðvar þeirrar, sem hafði skipið í smíðum, og hafi áfrýjanda jafnt og öðrum hluthöfum verið kunnugt um þetta. Af þessum ástæðum hafi stjórn félagsins á félagsfundi 19. júní 1914 verið falið að innheimta hið lofaða hlutafé. Á fundi félagsins 16. ág. s. á. var samþykkt að stjórnin skyldi gera gangskör að því að innheimta hið lofaða hlutafé, og á fundi 15. okt. s. á. var enn samþykkt, að ógreitt hlutafé skyldi greitt fyrir 20. s. m. Hinn 22. nóv. skýrði formaður félagsstjórnarinnar frá því á fundi, að enn vantaði 25700 kr. á, að fengið væri og innborgað það hlutafé, sem þyrfti til þess að fullnægt væri kröfu Íslandsbanka um hlutafé félagsins, og væri því

nauðsynlegt annaðhvort að útvega nýja hluthafa nú þegar eða selja hlutina í félaginu, sem þegar væru innborgaðir og eign félagsins í skipinu. Er þetta sannað með útdrætti úr fundabók félagsins, sem fram hefir verið lagður í málinu.

Af þessu er það ljóst, að félagið hefir verið í mikilli fjárþröng í byrjun, og er því skýrsla áfrýjanda um það, að stjórn félagsins hafi ekki krafið hann um greiðslu á umræddum eftirstöðvum af lofðu hlutafé hans, allsendis ósennileg. Það verður því að gera ráð fyrir að áfrýjandi hafi verið krafinn um greiðslu á eftirstöðvum hins lofaða hlutafjár, en að hann, þrátt fyrir það, hafi ekki greitt þær, enda kemur þetta heim við viðurkenningu hans á því, að ástæðum hans hafi verið þannig háttað veturinn 1914—1915, að hann hafi ekki getað greitt þær, enda bauð hann ekki féð fram fyr en í desember 1915, en þá hafði botnvörpuskip félagsins verið hér að veiðum frá því um vorið, og þá komið í ljós, að hagrur hafði orðið á útgerðinni.

Þótt það nú hafi ekki beinlínis verið tekið fram, er hlutaðeigendur lofuðu að leggja fram fé til félagsstofnunarinnar, að hluthafar fyrirgerðu rétti sínum til hluthafaréttinda, ef þeir létu farast fyrir að greiða hlutafé sitt í tæka tíð, verður þó engu að síður eftir tilgangi hlutafélagsins að líta svo á, að þetta hafi verið skoðað sem sjálfsagt skilyrði og að áfrýjandi hafi með umgetnum drætti á greiðslu eftirstöðvanna af hlutafé sínu mist rétt þann, er hann upphaflega hafði til þess að fá útgefið sér til handa hlutabréf í fiskiveiðahlutafélaginu »Ægir«.

Það skiftir heldur ekki máli, þótt einhverjir hluthafar hafi dregið innborganir sínar á líkan hátt og áfrýjandi, því það verður að vera á valdi félagsfundar að ákveða hvort greiðsludráttur skuli varða töpun á hluthafarétti í félaginu eða ekki.

Samkvæmt framansögðu verður því að fallast á það, að hinir stefndu með hinum áfrýjaða dómi hafa verið sýknaðir af kröfum áfrýjanda, og þar sem einnig má fallast á ákvæði dómsins um málskostnað, ber að staðfesta hann að öllu leyti. — Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Áfrýjandinn Jónas Jónasson greiði hinum stefndu, Magnúsi Blöndahl, Páli Magnússyni og Indriða Gottsveinssyni fyrir hönd fiskiveiðahlutafélagsins »Ægir« 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er greiðist áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.